

Borgarstjórn

5. febrúar

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um mat á vinningstillögu um almenningslistaverk í Vogabyggð

Lagt er til að mat verði lagt á raunhæfni og rekstrarkostnað listaverksins Pálmar eftir listakonuna Karin Sander sem hlutskarpast var í alþjóðlegri listaverksamkeppni um ný almenningslistaverk í Vogabyggð.

Greinargerð:

Í samþykktum samningsmarkmiðum borgarinnar á nýbyggingarsvæðum er ákvæði um að list í almenningsrýmum skuli fjármögnuð af lóðarhöfum. Listasafni Reykjavíkur var falið að halda alþjóðlega samkeppni um listaverk í Vogabyggð og var þar listaverkið Pálmar hlutskarpast.

Listaverkið Pálmar er óhefðbundið og djarft og hefur nú þegar vakið mikla umræðu í samfélaginu. Ákveðnar efasemdir eru um raunhæfni útfærslunnar og ekki hefur verið lagt heildstætt mat á rekstrarkostnað. Það er nauðsynlegt að slíkt mat liggi fyrir áður en lengra er haldið.

Alls er áætlað að Reykjavíkurborg fái tæpa sex milljarða í byggingarréttar- og gatnagerðargjöld vegna uppbyggingarinnar í Vogabyggð og verða þær tekjur notaðar til að fjármagna alla innviði hverfisins eins og götur, lagnir, torg, lýsingu, gróður, skóla, leikskóla – og listaverk sem lóðarhafar greiða að jöfnum hluta á móti Reykjavíkurborg samkvæmt samningum.